



Stöðumælar – leiðbeiningar

Kveikið á mælinum  þá birtist upphafsskjárinn.

Hnappurinn  skiptir um tungumál (íslenska/enska) en  birtir nánari upplýsingar/skilmála. Athugið að mælirinn tekur hvorki mynt né seðla, aðeins snertilausar kortagreiðslur.

**Akureyrarbær**
Bifreiðastæðasjóður

Aðeins snertilausar kortagreiðslur
Þú getur kynnt þér aðra greiðslumáta
á www.akureyri.is/bilastaedi

Leyfileg kort:



   Ýttu á OK til að hefja viðskiptin

  Nánari upplýsingar um gjaldskrá

Bílastæði  



Gjaldskyldutími: Mán - Fös 10:00 - 16:00

Gjald á klst:	200 ISK	100 ISK
Lágmarksupphæð:	50 ISK	50 ISK
Hámarksupphæð:	1.200 ISK	600 ISK

Þjónustuver: 460 1000

Unnt er að greiða fyrir einn eða fleiri daga í einu.

Ýtið á  til að halda áfram. Þá birtist næsta skjámynd til að skrá bílnúmer. Notið lyklaborðið til að skrá bílnúmer. Hnappurinn  birtir séríslenska stafi, ýta þarf aftur og aftur til að finna rétta bókstafinn.

Ef skráð er bílnúmer þarf ekki að prenta út miða til að setja á mælaborðið. Ef ekki er skráð bílnúmer er hægt að setja XX (lágmark tveir bókstafir) í staðinn en þá þarf að setja tímamiðann á mælaborð bifreiðarinnar þannig að hann sé vel sýnilegur utanfrá.

31/12/21 - 09:11


Setjið inn bílnúmer og ýtið á Samþykkja

i Með því að setja inn bílnúmer er ekki þörf á að setja miða á mælaborðið

 Leiðréttu

 OK |  Samþykkja

 Hætta

Ýtið á  til að halda áfram. Á næsta skjá þarf að velja það gjaldsvæði sem bifreiðinni var lagt á. [Kort af gjaldsvæðum má sjá hér.](#)

31/12/21 - 09:11

Veljið gjaldsvæði

- 1 Gjaldsvæði P1
- 2 Gjaldsvæði P2
- 3 Gjaldsvæði P1 – hámark 2 klst
- 4 Gjaldsvæði P2 – hámark 2 klst

 Hætta

Notið tölur 1-4 á lyklaborðinu til að velja rétt gjaldsvæði. Á næstu skýringarmynd hefur gjaldsvæði P1 verið valið.

Bílnúmer 31/12/21 - 09:11

Tími til
31/12/21 10:15

Tími
1kl04mín

Upphæð
50 ISK

Bílastæði **P1**

Gjaldskyldutími
Mán - Fös 10:00 - 16:00


Gjald: 200 ISK klst

Lágmarksupphæð: 50 ISK
Hámarksupphæð: 1.200 ISK


Kortagreiðsla

- 50 ISK+ 50 ISK+ 200 ISK

- + ++ **Breytið** OK | ✓ **Samþykkja** ✗ **Hætta**


Notið  hnappinn til að bæta við 200 kr. (sem gefur 1 klst. á svæði P1 en 2 klst. á svæði P2).

Notið  hnappinn til að bæta við 50 kr. en  hnappinn til að lækka upphæð um 50 kr.

Ýtið á  þegar búið er að velja rétta upphæð/tíma, þá birtist myndin að neðan. Setjið þá greiðslukort upp að kortalesaranum (eða berið símann að ef greitt er með snjallsíma).

Bílnúmer 31/12/21 - 09:11

Setjið kort að lesara



Þegar greiðslu er lokið birtist mynd sem staðfestir hversu lengi bifreið er skráð í stæði.

Athugið að ef greiðslu er hafnað er möguleiki að hámarki snertilausra greiðslna sé náð á viðkomandi korti. Ekki er möguleiki að staðfesta greiðslu með pin númeri í stöðumælinum. Því þarf að reyna aftur með öðru korti eða staðfesta pin nr. annars staðar áður en reynt er aftur.

Bílnúmer 31/12/21 - 09:12

Bílnúmerið er skráð

Lýkur : 31/12 10:30
Upphæð 50 ISK

i Með því að setja inn bílnúmer er ekki þörf á að setja miða á mælaborðið

OK | ✓ Já ✕ Nei

Þetta er lokaskrefið í ferlinu. Ýtið á OK | ✓ til að prenta tímamiða og kvittun en ✕ til að sleppa prentun. Ef skráð var bílnúmer þarf ekki að prenta tímamiða til að setja á mælaborðið.

31/12/21 - 09:12

**Þökkum viðskiptin.
Verið velkomin aftur.**